

- 24) Hreinsunarkerfi verður að virka þannig að samlokur geti sem fyrst byrjað að síða til sín fæðu og losnað við mengun. Verja skal lifandi samlokur fyrir mengun og halda þeim við bestu lífsskilyrði eftir hreinsun.
- 25) Ekki skal taka við meira magni af lifandi samlokum til hreinsunar en hreinsunarstöð ræður við. Nauðsynlegt er að sjór fljóti vel yfir samlokurnar meðan á hreinsun þeirra standur.
- 26) Hreinsunarstöð skal taka tillit til gagna er varða hráefnið, svo sem tegund samloka, upprunasvæði, sýklainnihald, o.s.frv., til að áætla hreinsunartímann svo tryggt sé að samlokurnar uppfylli kröfur um gerla, sbr. viðauka 1.
- 27) Athafnasvæði, búnað eða tæki má ekki nota í öðrum tilgangi en til að meðhöndla lifandi samlokur nema til þess komi leyfi frá Fiskistofu.

Nr. 261

15. apríl 1999

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi þjónustusvæðis við Lækjahlíð í Mosfellsbæ (leikskólinn við Lækjahlíð).

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis við Lækjahlíð (leikskólalóð) í Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 17. mars 1999. Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður allt að 6,5 m auk þess sem heimilt er til tveggja ára að koma fyrir færanlegum kennslustofum á lóðinni.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi, um leið fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn 24. júní 1998.

Mosfellsbæ, 15. apríl 1999.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

Nr. 262

12. apríl 1999

REGLUGERÐ

um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs.

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um samninga um verklegar framkvæmdir og rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs samkvæmt heimild í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Hún gildir einnig um samninga um rekstrarverkefni sem gerðir eru samkvæmt heimild í öðrum lögum nema ríkari kröfur séu gerðar til samninganna í sérlögum.

Orðskýringar.

2. gr.

Rekstrarverkefni: Með rekstrarverkefni er bæði átt við þjónustu sem verkkaupi kaupir vegna starfsemi sinnar og þjónustu sem verksali lætur þriðja aðila í té á kostnað verkkaupa.